

Nefndarsvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum.**

Hagstofa Íslands hefur birt þrjú Hagtíðindi um ferðþjónustureikninga (e. tourism satellite accounts), fyrsta útgáfan nær til árunna 2000 til 2006, næsta yfir árið 2008 og það síðasta er fyrir árið 2009, með áætlunum að hluta fyrir næstu tvö ár þar á eftir. Gerð ferðþjónustureikninga var styrkt af ráðuneyti ferðamála, iðnaðarráðuneyti og síðar atvinnuvegaráðuneyti, samkvæmt samningi þar um. Greiddi ráðuneytið Hagstofunni 3,9 m.kr. fyrir gerð reikninganna, en kostnaður við að gera þá var áætlaður um 10 til 12 m.kr. Vegna aðhaldsaðgera í fjárlögum fyrir árið 2012 var gripið til ýmissa aðgerða á Hagstofunni og var m.a. gerð ferðþjónustureikninga hætt að óbreyttum framlögum. Síðasta hefti um ferðþjónustureikninga var því gefið út 15. desember 2011 og náði til ársins 2009 með áætlun fyrir árin 2010 og 2011 að hluta. Í apríl 2014 var undirritaður nýr samningur við iðnaðar- og viðskiptaráðherra um gerð ferðþjónustureikninga fyrir árin 2012, 2013 og 2014 og greiðir ráðuneytið 10 m.kr. fyrir gerð þeirra fyrir hvert ár. Fyrirhugað er að birta niðurstöður fyrir árið 2012 næsta vor.

Ferðþjónustureikningar eru unnir samkvæmt alþjóðlegri aðferðarfræði og er þar gert ráð fyrir tilteknum fjölda taflna. Til að vinna tölfræði sem er í fullu í samræmi við þá aðferðarfræði þarf að gera ferðavenjurannsókn til að mæla útgjöld íslenskra ferðamanna, en hún er lögbundinn samkvæmt EES samningnum. Einnig er landamærarannsókn mikilvæg til að mæla útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi og styðja við aðra ferðþjónustutölfræði.

Hagstofan fagnar áhuga á gerð ferðþjónustureikninga, enda eru þeir mikilvæir til að meta umfang ört vaxandi ferðþjónustu hér á landi. Hagstofan styður því meginefni frumvarpsins um að ferðþjónustureikningar skuli gerðir og þakkar stuðning við verkefnið.

Ferðþjónustureikningar voru áður unnir sem hluti þjóðhagsreikninga, en eru nú unnir sem hluti af fyrirtækjatölfræði. Hagstofa Íslands vill því gera þær athugasemdir við frumvarpið að í því er kveðið á um að ferðþjónustureikningar séu unnir sem hluti þjóðhagsreikninga. Einnig gerir Hagstofan athugasemdir við það að Hagstofunni séu falin verkefni með öðrum lögum en lögum um Hagstofuna. Betra væri ef nýtt væri reglugerðarheimild til að kveða á um verkefnið, enda eru löggin um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð almenn og kveða almennt ekki á um einstök verkefni Hagstofunnar.

Virðingarfyllt,



Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri